

Erindisbréf

Nefnd um málefni fatlaðra

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar

Stjórnskipuleg staða

Nefndin heyrir undir bæjarstjórn.

Nefndin starfar á **almennu sviði**, sem er undir stjórn **bæjarstjóra**.

Skipan nefndarinnar

Í nefndinni eiga sæti **fimm fulltrúar**, sem bæjarstjórn skipar skv. ákvæðum **sveitarstjórnarlaga, og samþykktar um stjórn og fundarskóp Stykkishólmsbæjar**. Auk kjörinna fulltrúa á bæjarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt.

Nefndin kýs formann, hafi hann ekki verið skipaður af bæjarstjórn, og ritara nefndarinnar á fyrsta fundi sínum.

Hlutverk

Hlutverk nefndarinnar er:

- Að vinna að undirbúningi móttöku málaflokksins frá ríki til sveitarfélagsins.
- Að gera tillögu að áætlun fyrir Stykkishólmsbæ er varðar uppbyggingu á þjónustu og búsetuúrræðum fyrir fatlaða í Stykkishólmi.
- Að fylgja eftir að samþykkt markmið bæjarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga.
- Að vinna að stefnumótun fyrir málaflokkinn í Stykkishólmsbæ.
- Að leita til þeirra er málið kann að varða s.s. nefnda, stjórna og stofnana Stykkishólmsbæjar, Félags og skólaþjónustu Snæfellinga, SSV og íbúa bæjarins eftir því sem við á.
- Að gera tillögur um úrbætur á því sviði sem undir hana heyrir.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í IV. kafla **samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar** og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Nefndin kemur saman fyrir **luktum dyrum**.

Nefndin skal halda **gerðarbók**. Kjörinn ritari færir fundargerð í gerðabókina. Í gerðabók skal skrá **hvar og hvenær** fundur er haldinn, **hverjir** sitja hann og **hvenær honum lýkur**. Skrá skal **einstök mál**, sem tekin eru fyrir á fundinum, **hvenær þau komu til, nöfn** hlutaðeigandi, **meginefni og afgreiðslu** nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari **lesa fundargerðina** upp og allir viðstaddir **undirrita hana**. Fundargerðum kemur formaður nefndar til ritara bæjarstjóra sem hefur umsjón með frágangi og ritvinnslu fundargerðarinnar og leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarráðsfundar. Ritari sendir fundarmönnum afrit af fundargerð nefndarinnar ásamt afgreiðslu bæjarstjórnar.

Formaður nefndar sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera **skrifleg eða rafræn og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá**. Fundarboð skal sent fulltrúum í nefndinni og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en **tveimur sólarhringum fyrir fund**.

Formaður nefndarinnar stýrir fundum hans skv. ákvæðum IV. kafla **samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar**.

Fundur telst ályktunarhæfur **ef meirihluti nefndarinnar er mættur** á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Eftirfylgni

Formaður nefndarinnar og aðrir fulltrúar hans skulu **snúa sér til bæjarstjóra** með eftirfylgni staðfesta samþykktu nefndarinnar.

Réttindi og skyldur nefndarmanna

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði **sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar** eftir atvikum.

Nefndarmanni er skylt að **sækja fundi** nema lögmæt forföll hamli. Skal hann láta formann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver nefndarmaður á rétt á að **koma máli á dagskrá fundar**, enda skilar hann efni þess til nefndarformanns eða ritara bæjarstjóra a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu **hafa hag bæjarfélagsins að leiðarljósi** við nefndarstörf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og **samþykktum um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar** í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fundarmenn eru bundnir **pagnarskyldu** vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að eigi leynt að fara skv. eðli máls, lögum eða samþykkt 2/3 nefndarmanna, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Nefndarmaður skal **víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan**, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti afstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann vísar af fundi.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim ***lögum og reglugerðum***, sem undir starfssvið hennar heyrir, sérstaklega þó lög sem um ***málefni fatlaðra*** gilda hverju sinni. Þá skal nefndin fylgja ***samþykkt um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar***.